

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

Lög nr. 69 frá 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, með síðari breytingum. Lög nr. 58 frá 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, með síðari breytingum. Lög nr. 65 frá 10. desember 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, og lög nr. 3 frá 2. marz 1961, um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.